

## Svar

### innviðaráðherra við fyrirspurn frá Guðmundi Inga Kristinssyni um gjaldskyld bílastæði.

1. *Er haldin skrá í ráðuneytinu yfir bílastæði sem einkaaðilar reka og leigja út til afnota?*  
Ráðuneytið heldur ekki skrá yfir bifreiðastæði sem boðin eru til afnota gegn greiðslu.

2. *Hefur ráðherra, eða stjórnvöld sem heyra undir hann, eftirlit með því hvort einkaaðilar sem reka bílastæði fylgi 2. mgr. 87. gr. umferðarlaga, sem kveður á um að handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða skuli fá að leggja í gjaldskyld stæði án sérstakrar greiðslu?*

Hvorki ráðherra né undirstofnanir hans hafa almennar eða sérstakar eftirlitsheimildir með einkaaðilum sem reka bifreiðastæði og bjóða almenningi til afnota gegn greiðslu.

3. *Hafa ráðuneytinu, eða stjórnvöldum sem heyra undir ráðherra, borist upplýsingar um að aðilar sem reka gjaldskyld bílastæði hafi farið á svig við 2. mgr. 87. gr. umferðarlaga?*

Ráðuneytinu hafa borist erindi þess efnis að aðilar sem bjóða almenningi bifreiðastæði til afnota krefji handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða um greiðslu fyrir afnot af bifreiðastæði.

Í einhverjum tilvikum hefur komið fram að viðkomandi aðili telji sér ekki skylt, skv. 2. mgr. 87. gr. umferðarlaga, að bjóða handhafa fyrrgreinds stæðiskorts að leggja ökutæki í gjaldskylt bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu.

4. *Telur ráðherra þörf á að kynna betur ákvæði 2. mgr. 87. gr. umferðarlaga fyrir þeim aðilum sem reka gjaldskyld bílastæði?*

Lagatúlkun ráðuneytisins hvað varðar 2. mgr. 87. gr. umferðarlaga liggur fyrir og kemur fram í bréfi, dags. 13. janúar 2023, sem ráðuneytið ritaði Reykjavíkurborg og var síðar birt opinberlega.